

Elías Pétursson

Frá: Elías Pétursson
Sent: þriðjudagur, 29. desember 2020 17:02
Til: Próstur Friðfinnsson; Snorri Finnlaugsson; sveinn@skutustadahreppur.is; Björg Erlingsdóttir; asthildur@akureyri.is; finnur@esveit.is; dagbjort@thingeyjarsveit.is; Kristján Þór Magnússon; sthg@svabardshreppur.is; jonas@langanesbyggd.is; Katrín Sigurjónsdóttir
Afrit: Eyþór Björnsson (eythor@ssne.is)
Efni: Tillögur stafræns ráðs til sveitarfélaga
Viðhengi: Kynning á fjármögnun stafrænnar þróunar - fyrir stjórnarfund.pdf; Stafrænt ráð skipting fasts kostnaðar eftir sveitarfélögum LOK.pdf

Sæl verið þið bæjar- og sveitarstjórar á Norðurlandi eystra.

Töluvert er að fréttu af stafrænni vegferð sveitarfélaga sem er mikilvægt svo sveitarfélög geti sameiginlega fundið leiðir til að nýta stærðarhagkvæmni í nýtingu upplýsingatækni til þess að lækka kostnað sinn, auka framleiðni, létta álagi á starfsfólk sitt og bæta þjónustu við íbúa. Hafin er skoðun á ýmsum verkefnum og ber þar held ég hæst verkefni sem snýr að rafrænni umsókn um fjárhagsaðstoð með þeim hætti að nýtist öllum sveitarfélögum, fyrsti greiningarfundur með island.is hefur verið haldinn hvar skoðað var hvort og þá hversu mikið af lausn Reykjavíkurborgar gæti nýst öllum sveitarfélögum. Ýmis önnur verkefni eru í skoðun og klárt mál að samstarfið er líklegt til að skila góðum ávöxtum.

Bendi ykkur á heimasíðu stafrænnar þróunar sveitarfélaga, þar er margt áhugavert [Stafræn sveitarfélög \(samband.is\)](http://Stafræn_sveitarfélög_(samband.is))

Eins og þið munið þá kynnti ég og Fjola María þann 6. desember sl., fyrir þeim sem komust, stöðu á vinnu stafræns ráðs sveitarfélaga og var gott að finna hug ykkar og hvatningu í málaflöknum. Þeim sem ekki komust á kynninguna var sendur [hlekkur á upptöku](#) af henni.

Rétt fyrir jól var staðan sú að á Suðurlandi hafa 12 sveitarfélög samþykkt framkomna tillögu, á Vesturlandi hafa 9 sveitarfélög samþykkt að vera með í verkefninu og öll sveitarfélög á Suðurnesjum. Hef ekki upplýsingar úr öðrum fjórðungum en ljóst er á viðbrögðum þeirra svæða sem ég nefndi að áhugi og þörf er fyrir hendi.

Á 891. fundi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga þann 20.11 2020 var eftirfarandi fært til bókar.

Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 3. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 4. nóvember 2020. Einnig lögð fram glærुकynning um María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu komu inn á fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir greinargóða kynningu á vinnu sem er til mikillar hagsbótar fyrir s. Stjórnin er jákvæð fyrir því að stofnað verði miðlægt tækniteymi sambandsins sem kostað verði af sveitarfélögum s. sveitarfélaga taki þátt í verkefninu en mikilvægt er að kynna það vel fyrir sveitarfélögum á næstu vikum. Gert er ráð fy

Stjórnin samþykkir einnig tillögu um feril ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val á forgangsverkefnum og leggur áherslu

Hér með óska ég formlegrar afgreiðslu og viðbragða við tillögu þeirri sem kynnt var með tölvupósti og lýst á fundinum 6. desember, tillagan er hér að neðan í þremur liðum.

1. Að stofnað verði miðlægt tækniteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga (árlegur kostnaður 45 mkr.) sem sinna mun innleiðingu rafrænna lausna, gagnaupbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum landsins eins og nánar er útlistað í kynningunni.
2. Að sveitarfélög greiði fjárhæð sem er 200.000 kr. föst fjárhæð og svo m.v. íbúafjölda sem skipti framangreindri fjárhæð 45 mkr á milli sveitarfélaganna. Ársgreiðslur fyrir Vesturland væru eftirtaldar:

| Norðurland eystra | | 30.558 | |
|-------------------|--------------------------|--------|-----------|
| 6000 | Akureyrarbær | 19.101 | 2.755.252 |
| 6100 | Norðurþing | 3.057 | 608.953 |
| 6250 | Fjallabyggð | 2.006 | 468.354 |
| 6400 | Dalvíkurbyggð | 1.867 | 449.760 |
| 6513 | Eyjafjarðarsveit | 1.073 | 343.541 |
| 6515 | Hörgársveit | 639 | 285.483 |
| 6601 | Svalbarðsstrandarhreppur | 448 | 259.932 |
| 6602 | Grýtubakkahreppur | 372 | 249.765 |
| 6607 | Skútustaðahreppur | 487 | 265.149 |
| 6611 | Tjörneshreppur | 58 | 207.759 |
| 6612 | Þingeyjarsveit | 873 | 316.786 |
| 6706 | Svalbarðshreppur | 93 | 212.441 |
| 6709 | Langanesbyggð | 484 | 264.748 |


3. Að formlegt samþykktarferli verði fyrir sveitarfélög á vali á forgangsverkefnum notað einu sinni til tvisvar á ári. Sjá mynd á glæru 6 í kynningu.

Ég er að sjálfsgöðu tilbúinn til frekari kynningar og eða samtals.

cc. á framkvæmdastjóra SSNE til upplýsingar.

Bestu kveðjur

Fjallabyggð



Elías Pétursson

Bæjarstjóri

Beinn sími: 464 9102

Netfang: elias@fjallabyggd.is

Gránugötu 24

580 Siglufjörður

Sími: 464 9100 / Fax: 464 9101

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.